

Rangárþing ytra
Suðurlandsvegi 1-3,
850 Hellu

Garðabær, 1. september 2025
202507-0085/A.B.
08.02

Efni: Umsögn - Tillaga - Deiliskipulag - Bjallavað dsk áningarastaðar Rangárþing ytra.

Vísað er í erindi skipulagsfulltrúa Rangárþings ytra vegna tillögu að deiliskipulagi fyrir áningarstað við Bjallavað í Rangárþingi ytra, sem barst Náttúruverndarstofnun 16. júlí 2025. Í tillögunni er gert ráð fyrir að móta aðstöðu fyrir ferðamenn á norðurmörkum friðlands að Fjallabaki, með gerð bílastæðis, salernisaðstöðu og upplýsingaskilta við Fjallabaksleið nyrðri (F208). Skipulagssvæðið er staðsett á Tjörvakrauni og innan svæðis sem nýtur verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, auk þess sem það er innan friðlands að Fjallabaki, sem friðlýst var árið 1979. Samkvæmt greinargerð er tilgangur framkvæmdarinnar að bæta aðstöðu ferðafólks og stýra umferð að og frá friðlandinu.

Náttúruverndarstofnun hefur farið yfir ofangreinda tillögu og gerir ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Þórdís Vilhelmína Bragadóttir

sérfræðingur